...íó

...ur við hlutverki Þorgerðar kerlingar af Herdísi Þorvaldsdóttur. Börn hennar leika Guðrún Ásmundsdóttir Soffía Jakobsdóttir, Valgerður Dan, Ásdís Skúladóttir og Steindór Hjörleifsson. Aðrir leikarar eru Sigurður Karlsson, Gísli Halldórsson, Sigríður Hagalín, Guðmundur Pálsson, Sólveig Hauksdóttir og Gestur Gíslason.

Höfundur er sjálfur leikstjóri sýningarinnar. Leikmynd gerði Björn Björnsson en lýsingu annast Daniel Williamsson.




Nokkrir þeirra muna sem verða á markaði Kvenfélagsins Seltjarnar. Vísismynd: ÞG

Markaður á Seltjarnarnesi

Kvenfélagið Seltjörn á Seltjarnarnesi heldur fjölbreyttan markað í Félagsheimilinu á sunnudaginn kl. 2.

Þar verða m.a. á boðstólum kökur, húsmunir, leikföng og fatnaður. Þá verður þar skyndihappadrætti með mjög góðum vinningum og sælgætispokasala.

Kvenfélagið Seltjörn hefur á undanförnum árum styrkt ýmsa starfsemi á Seltjarnarnesi, þar á meðal barna- og gagnfræðaskólana, barnaheimilið og fleiri. Mun ágóðinn af markaðnum á sunnudaginn renna til þessarar starfsemi.



Nokkur verkanna á sýningunni að Kjarvalsstöðum.

Flestar gerðir myndlistar eru á Haustsýningu FÍM

sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum á laugardaginn

Myndvefnaður, keramik, glermyndir, grafík, krítarmyndir, olíumálverk, vatnslitamyndir, höggmyndir og skúlptúr eru meðal þess sem sýnt er á Haustsýningu Félags íslenskra myndlistarmanna 1977, sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum á laugardaginn.

Á sýningunni verða alls 123 myndlistarverk eftir 41 höfund. Af þessum myndlistarhöfundum eru 22 félagar í FÍM en 19 utanfélagsmenn. Nokkrir hinna síðarnefndu sýna nú myndir í fyrsta sinn á Haustsýningu, þar á meðal raunsæismaðurinn Gunnlaugur Stefán Gíslason.

Þátttaka félagsmanna FÍM varð minni en búist hafði verið við og því eru utanfélagsmenn tiltölulega fleiri en oft áður. Að sögn sýningarnefndar FÍM varð það til þess að meiri breidd varð í sýningunni, bæði hvað varðar efni og myndgerðir.

Heiðursgestur

Árlegar sýningar FÍM hafa verið haldnar áratugum saman og hefur á nokkrum þeirra sérstökum heiðursgesti verið boðin þátttaka.

Í þetta sinn hefur sýningarnefnd félagsins valið Guðmund Benediktsson myndhöggvara til kynningar. Á hann 11 koparskúlptúra á sýningunni.

Guðmundur fæddist í Reykjavík árið 1920. Um þritugt gerðist hann nemandi Ásmundar Sveinssonar í Myndlistarskólanum, sem nú er til húsa við Freyjugötu. Guðmundur gerðist felagi í FÍM árið 1957, eða fyrir réttum 20 árum. Hann hefur alla tíð unnið mikið starf fyrir félag sitt, en auk þess starfað að sýningarhaldi hjá Listasafni Íslands, Listasafni ASÍ og Kjarvalsstöðum og situr nú í Listráði Kjarvalsstaða.

Guðmundur hefur tekið þátt í fjölda myndlistarsýninga bæði hér heima og erlendis, t.d. á Norðurlöndunum, í Þýskalandi og Bandarikjunum.

Nýtt húsnæði

Í Félagi íslenskra myndlistarmanna eru nú 87 félagar. Félagið hefur nýlega tekið í notkun nýtt húsnæði að Laugarnesvegi 112 og hefur þar með í fyrsta sinn fengið aðstöðu fyrir félagsmiðstöð. Verður ef til vill hluti húsnæðisins notað til sýningarhalds. Breytir þetta aðstöðu félagsins til mikilla muna, þar sem það hefur hingað til verið á hrakhólum með undirbúning listsýninga.

Haustsýning FÍM 1977 stendur frá 8.-23. október og er opin virka daga kl. 16-22, en laugardaga og sunnudaga kl. 14-22. Húsið er lokað á mánudögum.

KYNNISFERÐ TIL EFNAHAGSBANDALAGSINS!



Dagana 19.-21. október nk. efnir Vísir til kynnisferðar fyrir menn úr íslensku viðskiptalífi, stjórnsýslu og aðra áhugamenn til höfuðstöðva Efnahagsbandalags Evrópu í Brüssel.

Samskipti Íslendinga við Efnahagsbandalagið og aðildarlönd þess hafa sívaxandi þýðingu fyrir Íslendinga, og við því má búast, að þessi samskipti aukist enn á næstu árum. Á sl. ári fór t.d. yfir 30% af útflutningi okkar til Efnahagsbandalagslandanna, og við fengum vel yfir 40% af innflutningi okkar frá þessum löndum.

Með kynnisferðinni til skrifstofu Efnahagsbandalagsins í Brüssel vill Vísir í samvinnu við upplýsingadeild bandalagsins gefa mönnum kost á að afla sér sem bestrar þekkingar um málefni bandalagsins og samskipti Íslendinga við það.

Lagt verður upp í ferðina 19. október, en 20. og 21. október verða fundir með embættismönnum Efnahagsbandalagsins. Á fundunum verður m.a. rætt almennt um Efnahagsbandalagið, samskipti Íslands og Efnahagsbandalagsins, fiskveiðistefnuna og stefnu bandalagsins í viðskiptamálefnum og varðandi samkeppnisfrelsi.

Fargjald fyrir ferðina Keflavik — Brüssel — Keflavik er kr. 58.340 + kr. 1.500 í brottfararskatt, og er þá miðað við 8-21 dags fargjald og, að farið sé um London. Þátttakendur eru ekki bundnir við að verða samferða heim, svo að þeir geta einnig hagnýtt ferðina til annarra erinda erlendis. Gisting er ekki innifalin í framangreindu verði.

Þeir sem hafa áhuga á þátttöku í ferðinni gjöri svo vel að leita nánari upplýsinga og láta skrá sig í síma 86611 sem allra fyrst, því að takmarka verður þátttakendafjölda.

VÍSIR